



Ársskýrsla 2005



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2005

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli	5
Innra starf	7
Rekstur embættis ríkislögreglustjóra	7
Starfsmannamál	9
Ýmis málefni	13
Tækja- og búnaðarmál	17
Fata- og tækjamál	17
Ökutæki	17
Almannavarnir og löggæsla	19
Almannavarnir	19
Fjarskiptamiðstöð	23
Samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar	24
Sérsvait	24
Umferðarmál	28
Öryggismál og umferðarfylgdir	29
Efnahagsbrotadeild	30
Baugsmál	30
Ráðstafanir til að bæta árangur	31
Samanburður við Norðurlönd	32

Útlendingamál og Schengen-samstarf	37
Alþjóðadeild	37
Schengen-kerfið skilvirk	39
Afbrotatölfræði og afbrotafræðileg málefni	40
Aukinn aðgangur að afbrotatölfræði	40
Fórnarlambakönnun	40
Rannsókn á ránsbrotum	40
Verklagsreglur vegna heimilisofbeldismála	41
Afbrotavarnir	42
Afbrotavarnaráð Norðurlandanna	42
Varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi	42
Verkefnumiðuð löggæsla	43
Fíkniefna- og tæknimálefni	44
Fíkniefnastofa	44
ID-nefnd (kennslanefnd)	45
Rannsóknir umferðarslysa	45
Tæknistofa	45
Viðauki 1 - Útgefið efni á árinu 2005	47
Viðauki 2 - Leyfisveitingar skv. áfengis- og vopnalögum	50

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson, Rögnvaldur Ólafsson og myndasafn ríkislögreglustjóra

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið í júní 2006

Formáli

Hlutverk embættis ríkislögreglustjóra er fjölþætt og starfsemin umfangsmikil. Í þessari ársskýrslu er í stuttu máli gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum embættisins á árinu 2005.

Meginhlutverk embættisins hefur frá upphafi verið það að vinna að uppbyggingu löggæslunnar eftir áherslum stjórnvalda og nýjum viðfangsefnum sem embættinu hafa verið falin á hverjum tíma.

Starfsmannamál lögreglunnar eru þýðingarmikill þáttur í starfsemi embættisins, svo sem varðandi skipun og lausn lögreglumanna. Þannig hefur t.d. verið unnið að því að styrkja innviði lögreglunnar með því að efla og viðhalda góðu siðferði starfsmanna, bæta starfsumhverfi lögreglumanna og tryggja sem besta þjónustu við almenning.

Embættið hefur gefið út á fimmta tug verklagsreglna, leiðbeininga og handbóka fyrir lögreglu um starfsmannamál, viðbragðsáætlanir og valdbeitingu, tæknirannsóknir, fikni-efnamál, forvarnir, útlendingamál og rannsóknir opinberra mála, svo að nokkuð sé nefnt. Þá hefur ríkislögreglustjóri sent lögreglustjórurunum ýmis tilmæli í formi umburðarbréfa um áherslur í löggæslu. Embættið hefur einnig gert ýmsar úttektir með það að markmiði að auka gæði lögreglustarfa, s.s. athugun á því hvernig starfsreglum og fyrirmælum er framfylgt og hvernig þau reynast í framkvæmd.

Aðgengi lögreglu og almennings að upplýsingum um lögreglumál hefur aukist á síðustu árum, m.a. með ýmsum kynningar- og fræðsluritum um lögregluna, afbrotatölfræði og fræðilegum rannsóknnum, auk efnis um almannavarnir. Þetta efni hefur að hluta til verið gefið út á ensku. Þá má geta heimasíðu lögreglunnar á Netinu með aðgengilegum upplýsingum fyrir lögreglu og almenning og innri vefjar lögreglunnar sem er eingöngu fyrir starfsmenn hennar. Þar er að finna margvíslegar starfstengdar upplýsingar.


Rík áhersla hefur verið lögð á það af hálfu embættisins að tryggja að lögreglumenn hafi ávallt þann besta búnað sem völ er á og gætt sé að öryggismálum þeirra. Nefna má ökutæki lögreglunnar, fjarskiptabúnað, persónulegan búnað og eflingu sérsveitarinnar og búnaðar hennar.

Með þeirri breytingu sem gerð hefur verið á lögreglulögunum munu kröfur til embættisins varðandi stefnumótun og markmiðasetningu fyrir lögregluna í landinu aukast.

Embættið hefur tekið miklum breytingum enda er það sveigjanlegt og á auðvelt með að aðlagast nýjum og breyttum áherslum. Meðal starfsmanna þess hefur skapast mikil þekking og reynsla sem mun nýtast vel við nýskipan löggæslumála og unnt er að byggja á til framtíðar.

Júní 2006

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri



Innra starf

Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Sem fyrr var rekstur embættis ríkislögreglustjóra samkvæmt fjárheimildum. Á árinu jókst rekstrarkostnaður um 17% frá árinu á undan. Helsta skýring þess er fjölgun sér-veitarmanna og kaup á búnaði fyrir þá. Þá voru sértekjur lægri og gjöld umfram þær hækkuðu um 20% milli ára.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra

Gjaldaliðir	2005*	2004**	2003	2002	2001	2000
(allar tölur í þúsundum króna)						
Laun	657.038	567.190	465.163	418.182	328.734	277.332
Ferðir og fundir	46.976	53.502	45.893	51.827	45.398	41.974
Rekstrarvörur	38.337	24.089	18.531	26.691	15.929	15.943
Aðkeypt þjónusta	101.704	90.278	67.496	91.128	86.473	81.159
Húsnæði	64.179	57.852	81.888	43.307	32.490	52.364
Bifreiðar og vélar	24.975	21.206	16.183	14.672	81	156
Vextir, bætur, skattar	268	209	341	256	590	511
Eignakaup	37.723	16.292	15.832	44.721	23.416	59.991
Tilfærslur	3.936	2.317	2.223	1.079	678	468
Rekstrarkostnaður alls	975.136	832.935	713.550	691.863	533.789	529.898
Sértekjur samtals	-15.546	-33.864	-29.529	-30.417	-18.866	-54.051
Markaðar tekjur	-5.696	-5.333	-5.064			
Gjöld umfram sértekjur	953.894	793.738	678.957	661.446	514.923	475.847

*Tölur fyrir 2005 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

**Endanlegar tölur fyrir 2004

Tafla 2. Sundurliðun kostnaðar vegna eignakaupa

Sundurliðun helstu liða

(allar tölur í þúsundum króna)	2005*	2004**	2003	2002	2001	2000
Húsgögn	3.416	2.510	2.507	8.012	2.439	15.603
Tölvubúnaður	5.993	2.467	3.767	3.138	7.626	3.675
Sjónvörp/fjölmiðlunartæki	712	11	40	297	170	55
Síma- og fjarskiptabúnaður	2.952	559	457	9.128	7.660	21.588
Skrifstofuvélar	1.664	0	0	1.402	0	650
Eldhús- og ræstingaráhöld	65	65	87	0	0	131
Önnur áhöld og tæki	22.921	10.680	8.974	22.744	5.521	18.289
Eignakaup samtals	37.723	16.292	15.832	44.721	23.416	59.991

*Tölur fyrir 2005 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

**Endanlegar tölur fyrir 2004



Starfsmannamál

Starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra voru 97 í byrjun árs, þar af 73 lögreglumenn.

Í upphafi ársins voru starfandi lögreglumenn á landinu öllu 693 að frátöldum nemum í Lögregluskóla ríkisins (31) og héraðslögreglumönnum (75). Í upphafi árs 2004 var 671 lögreglumaður starfandi á landinu og hefur lögreglumönnum því fjölgað um 22 milli ára.

Tafla 3. Fjöldi lögreglumanna eftir starfsstigum

Einkenni á axlarsmeyg	Starfsstig	Fjöldi	%
	Yfirlögregluþjónn	23	3,3
	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	26	3,8
	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	99	14,3
	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	243	35,1
	Aðstoðarvarðstjóri	21	3,0
	Lögreglumaður	267	38,5
	Afleysingamaður	14	2,0
Samtals		693	100

Í töflu 3 eru ekki taldir með lögreglunemar og héraðslögreglumenn

Fróðlegt er að virða fyrir sér hlutföll milli óbreyttra lögreglumanna og hinna sem gegna stjórnunarstöðu af einhverju tagi. Hið háa hlutfall lögreglumanna í stjórnunarstöðu endurspeglar e.t.v. hinn mikla fjölda tiltölulega lítilla lögregluembætta og líka fremur fjölþætt og flókið starfsumhverfi lögreglu.



Tafla 4. Starfandi lögreglumenn 1. febrúar 2005 eftir starfsstigi og embættum*


Umdæmi/embætti	Yfiröreglugljónn	Aðstoðaryfiröreglugljónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	Varðstjóri/ Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Samtals	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	4		6	12		12			12
Akureyri	1	1	1	10	3	14	30		30	1		31
Blönduós	1			3		3	7		7	4		11
Bolungarvík			1	1			2		2	2		4
Borgarnes	1			3	1	3	8		8	4		12
Búðardalur				2			2		2	5		7
Eskifjörður	1		2	3	1	2	9	2	11	9		20
Hafnarfjörður	2	2	1	11	4	18	38	2	40			40
Hólmavík			1	1			2		2	2		4
Húsavík	1			3		5	9		9	5		14
Hvolsvöllur			1	2		2	5		5	2		7
Höfn				1	1	2	4		4	5		9
Ísafjörður	1		1	5		5	12	1	13	4		17
Keflavík	1	2	8	6	4	13	34	2	36			36
Keflavíkurflugv.	1	2	13	10	1	16	43	4	47			47
Kópavogur	1	2	1	11	1	15	31		31			31
Lögregluskólinn	2		6				8		8		31	39
Ólafsfjörður			1	1			2		2	2		4
Patreksfjörður			1	1		2	4		4	4		8
Reykjavík	2	8	24	126	1	115	276		276			276
Ríkislögreglustjóri	3	8	31	16		15	73		73			73
Sauðárkrókur	1		1	3		3	8		8	7		15
Selfoss	1	1	1	8	2	12	25	1	26			26
Seyðisfjörður				4	1	2	7		7	7		14
Siglufjörður			1	1		2	4	1	5	2		7
Snæfellsnes	1			2	1	5	9		9	5		14
Vestmannaeyjar	1		1	4		6	12	1	13			13
Vík			1	1		1	3		3	5		8
Samtals	23	26	99	243	21	267	679	14	693	75	31	799

*Um er að ræða alla þá sem eru á launaskrá óháð því hvort þeir eru frá störfum vegna tímabundinna veikinda eða af öðrum sökum

Tafla 5. Fjöldi starfandi lögreglumanna í febrúar

	2005	2004	2003	2002
Akranes	12	12	12	12
Akureyri	30	31	30	31
Blönduós	7	6	6	7
Bolungarvík	2	2	2	2
Borgarnes	8	8	8	8
Búðardalur	2	1	1	1
Eskifjörður	11	10	9	9
Hafnarfjörður	40	39	40	40
Hólmavík	2	2	2	2
Húsavík	9	11	9	9
Hvolsvöllur	5	6	3	4
Höfn	4	4	4	3
Ísafjörður	13	13	13	14
Keflavík	36	36	37	37
Keflavíkurflugvöllur	47	47	47	52
Kópavogur	31	26	28	27
Lögregluskólinn	8	8	8	7
Ólafsfjörður	2	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4	4
Reykjavík	276	271	282	283
Ríkislögreglustjóri	73	59	59	54
Sauðárkrúkur	8	9	9	8
Selfoss	26	28	28	26
Seyðisfjörður	7	7	7	8
Siglufjörður	5	4	4	4
Snæfellsnes	9	9	9	8
Vestmannaeyjar	13	13	12	12
Vík	3	3	3	4
Samtals	693	671	678	678





Tafla 6. Fjöldi við störf við upphaf árs eftir starfsstigi og kyni

	2005		2004		1996*	
	Karl	Kona	Karl	Kona	Karl	Kona
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	0	20	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	25	1	27	1	21	0
Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	91	8	89	8	45	1
Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	231	12	224	12	249	8
Aðstoðarvarðstjóri	21	0	28	0	56	0
Lögreglumaður / Flokkstjóri	219	48	214	43	190	17
Afleysingamaður	12	2	1	1		
Samtals lögreglumenn	622	71	606	65	581	26
Héraðslögreglumaður	70	5	76	4		
Lögreglunemi	25	6	31	8		
Samtals	717	82	713	77		

* Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997. Skýrsla nefndar um bættu stöðu kvenna innan lögreglunnar

Af starfandi lögreglumönnum þann 1. febrúar voru konur 10,2% og má nefna til samanburðar að í byrjun árs 1996 var hlutfall þeirra 4,3%.

Ýmis málefni

Fundir ríkislögreglustjóra með lögreglustjórum

Ríkislögreglustjóri og aðrir úr yfirstjórn embættisins áttu fund með hverjum og einum lögreglustjóra og fulltrúum þeirra á tímabilinu frá mars til maí. Þessir fundir voru með öðru sniði en hinn árlegi fundur ríkislögreglustjóra með öllum lögreglustjórum og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Á þessum fundum var fjallað mjög ítarlega um löggæslumál. Ríkislögreglustjóri gerði grein fyrir áherslum sínum í löggæslu, svo sem varðandi útlendingamálin og fækkun afbrota, og að lögreglustjórnir setji sér löggæslumarkmið. Mikil ánægja var með fundina og var því einnig fagnað að skapað skyldi með þessu móti tækifæri til þess að ræða sameiginleg málefni löggæslunnar ásamt því að reifa vanda hvers embættis um sig með óskum um úrbætur. Þá kom fram að undirbúningur lögreglustjóra fyrir fundina, með samantekt samkvæmt spurningalista ríkislögreglustjóra, hafi verið mjög gagnlegur sem hluti af innri skoðun viðkomandi embættis. Fram kom að lögreglustjórar eru almennt mjög ánægðir með samskiptin við embættið og þá þjónustu sem það veitir.

Ábendingum, sem fram komu á fundunum, var fylgt eftir í sérstakri samantekt og embætti ríkislögreglustjóra hefur unnið við að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem þar eru taldar.

Heimasíða ríkislögreglustjóra á Netinu

Haldið var áfram að fylgja eftir markmiðum sem sett höfðu verið fyrir árin 2004 og 2005 um aukið efni á heimasíðu embættisins á Internetinu, m.a. með sérstakri áherslu á enska útgáfu síðunnar. Nú er hægt að nálgast þar upplýsingar um lögregluna, starfsemi hennar, sögu og afbrotapróun. Embættið hefur fengið mjög góð viðbrögð við enska hlutanum frá erlendum löggæslustofnunum.

Seinni hluta árs birti forsætisráðuneytið úttekt á vefjum ríkis og sveitarfélaga. Af 246 vefjum var embætti ríkislögreglustjóra í tíunda sæti varðandi efnisríkt innihald. Nytsemi vefjarins taldist meiri en hjá 43% þátttakenda og aðgengi betra en hjá 95% þátttakenda.

Upplýsingarit um íslenska réttarvörslukerfið á ensku

Fyrirspurnir hafa iðulega borist erlendis frá varðandi upplýsingar um íslenska réttarvörslukerfið. Því var ákveðið að taka saman gagnlegar upplýsingar á ensku um þetta efni sem ríkislögreglustjóri gaf út undir heitinu: „The Icelandic Police and the Justice System: A short introduction“.

Innra eftirlit

Á árunum 2004 og 2005 var aukin áhersla lögð á innra eftirlit, bæði innan embættisins og hjá lögreglunni í heild. Innra eftirlit felur í sér ýmiss konar athuganir og úttektir á framkvæmd starfa lögreglunnar, svo sem varðandi verklag, hvernig farið er að lögum og reglum o.fl. Hver sviðsstjóri ber ábyrgð á þeirri starfsemi og viðfangsefnum sem undir hann heyra. Svið fjögur hefur þá sérstöðu að undir það falla einnig ýmsar úttektir sem ríkislögreglustjóri ákveður og geta tekið til allra sviða embættisins og annarrar starfsemi innan lögreglunnar. Þá má nefna almennar úttektir hjá lögregluembættunum, sem svið þrjú hefur annast, en flestar þeirra eru gerðar að beiðni dómsmálaráðuneytisins og oft með beinni samvinnu við starfsmenn þess.

Rannsókn á heiðarleika lögreglu

Sálfræðingi sem starfar hjá embættinu var falið að rannsaka siðferði og heiðarleika innan lögreglunnar. Gerð var rannsókn meðal lögreglunema í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins en síðan á meðal allra starfandi lögreglumanna sem lokið hafa lögreglunámi. Rannsóknin var talsvert viðamikil og meðal annars var dregið fram með henni álit lögreglumanna á því hvar og með hvaða hætti spilling geti helst náð fótfestu innan lögreglunnar. Einnig kom fram hvaða úrræði þátttakendur telja líklegust til að draga úr líkum á spillingu innan lögreglunnar.





Starfsumhverfi lögreglu

Vinnuhópur ríkislögreglustjóra undir forystu formanns sýslumannafélagsins skilaði af sér tillögum um bætt starfsumhverfi lögreglumanna í byrjun árs.

Í desember lauk vinnu við gerð skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjóra og tillagna varðandi siðferði innan lögreglunnar og bætt starfsumhverfi. Í vinnuhópnum voru fulltrúar frá ríkislögreglustjóra, Landssambandi lögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins en verkefnið var unnið í samstarfi við stýrihóp ríkislögreglustjóra um varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Unnið hefur verið að því að koma starfstengdum upplýsingum á framfæri við lögreglumenn, meðal annars á innri vef lögreglunnar. Markmiðið með þessu er það að bæta starfsumhverfi lögreglumanna. Nokkur árangur hefur náðst og upplýsingar þessa erfnis eru orðnar aðgengilegar.

Þá hefur embættið aðstoðað lögreglulið þegar veita hefur þurft lögreglumönnum, sem lent hafa í sérstaklega erfiðum verkefnum, áfallahjálp.

Tölvumál

Nýju skráningarkerfi lögreglu, lögreglakerfinu, var hleypt af stokkunum 1. febrúar en það leysir af hólmi fimm eldri skráningarkerfi lögreglu, s.s. dagbók og málaskrá, ásamt málaskrá ákærvaldsins og samskiptakerfi vegna sekta.

Kerfisbundið var unnið að því að leysa þau vandamál sem upp komu eftir að kerfið var tekið í notkun og þegar flestir gallarnir höfðu verið sniðnir af hófst röð námskeiða í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins þar sem farið var í mismunandi hluta kerfisins. Alls náðust um 1.000 þátttökuskráningar og er áætlað að þær verði orðnar nálægt 1.400 þegar námskeiðalotunni lýkur á vormánuðum 2006.

Þá hafa tölvudeild ríkislögreglustjóra og starfsmenn dómsmálaráðuneytisins í undirbúningi rafrænt umsóknar- og útgáfufurli vegna margvíslegra leyfisveitinga sem eru á höndum lögreglu.



Tækja- og búnaðarmál

Fata- og tækjamál

Starfshópur sem ríkislögreglustjóri skipaði árið 2004 um endurskoðun fatnaðar og tækjabúnaðar lögreglunnar lauk störfum í lok árs 2005. Hópurinn kannaði möguleika á því að breyta útliti einkennisfatnaðar, auka gæði fatnaðarins og koma á nýju kerfi við úthlutun hans. Afrakstur starfsins er greinargóð skýrsla með tillögum að ýmsum endurbótum í tækja- og búnaðarmálum almennt. Meðal annars skoðaði hópurinn fyrirkomulag þessara mála annars staðar á Norðurlöndum, auk þess sem útbúin voru margvísleg sýnishorn í samvinnu við innlend og erlend fyrirtæki.

Þá voru öll lögregluembætti landsins heimsótt og fundað með lögreglustjórum og yfirlögregluþjónum um tækja-, búnaðar- og fjarskiptamál, auk þess sem þeim var afhentur nýr öryggisbúnaður. Tækifærið var notað um leið til þess að skoða búnað lögreglustöðva og ræða um bílamál embættanna og stefnumörkun til næstu ára.

Ökutæki

Samtals var 151 ökutæki lögreglu í umferð í ársbyrjun. Sérstök áhersla var lögð á endurnýjun ökutækja í flokki stærri bíla og voru keyptir sex Ford Econoline 350 bílar. Alls voru keypt 27 ný ökutæki á árinu.

Á árinu voru 17 Eyewitness-upptökuæki sett í nýja og eldri lögreglubíla. Fjármögnun sex tækjanna fékkst með samstarfssamningi við Umferðarstofu. Einnig fóru 19 ný radartæki (Golden Eagle) í nýja og eldri bíla. Nokkur lögregluembætti á landsbyggðinni fengu hjartastuðtæki og eiga embættin að skila skýrslu til bílamiðstöðvarinnar um gildi þeirra sem staðalbúnaðar í lögreglubifreiðum.

Ekið hálfa sjöttu milljón kílómetra

Heildarakstur ökutækja lögreglunnar á árinu var 5.489.398 km sem jafngildir því að ekið hafið verið 137 sinnum umhverfis jörðina eða farið sjö sinnum til tunglsins, fram og til baka. Að meðaltali voru eknir nærri 627 kílómetrar hverja klukkustund ársins.



Almannavarnir og löggæsla

Almannavarnir

Á sviði áhættugreiningar almannavarna var lögð áhersla á hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli, gagnaöflun vegna áhættugreiningar, eflingu samstarfs við vísindastofnanir og aðrar stofnanir og vinnu við rannsóknarverkefni sem styrkt eru af Evrópusambandinu (svokölluð RETINA- og FORESIGHT-verkefni).

Gefið var út ritið „Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli“ þar sem fjallað er um rannsóknir á jarðfræði, eldgosum og hlaupum frá jöklunum. Var síðan efnt til funda til að kynna efni hættumatsins fyrir almenningi, vísindamönnum og þeim sem starfa að almannavörnum og unnið hafa að gerð viðbragðsáætlunar.

Ríkisstjórnin skipaði vinnuhóp fyrri hluta árs til að kanna áfallapol íslensks samfélags og gera tillögur að viðbúnaði vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu. Í október samþykkti ríkisstjórnin tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og dómsmálaráðherra um aðgerðir. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra var falið, í samvinnu við sóttvarnalækni, að fylgjast náið með þróun áhættumats og viðbúnaðar í öðrum löndum, skipuleggja almenningsfræðslu, æfa viðbrögð og útbúa viðbragðsáætlanir. Fram undan er mikið starf við gerð almannavarnaáætlunar sem stefnt er að því að ljúki um mitt ár 2007. Sendiráð Norðurlandanna á Íslandi gerðu viðbragðsáætlun um samhæfð viðbrögð sendiráðanna vegna hættu sem ógnað gæti heilbrigði borgara þessara ríkja og um samskiptaleiðir við íslenska almannavarnakerfið.





Landsvirkjun kynnti fyrir almannavarnadeildinni skýrslu vegna áhrifa af hugsanlegu stíflurofi við Kárahnjúka. Áætlunin var kynnt lögreglustjóranum á Seyðisfirði og er í bígirð að undirbúa gerð rýmingar- og viðbragðsáætlunar á áhrifasvæðinu.

Haldnar voru æfingar um land allt sem almannavarnadeildin kom að

- Hópslysaæfing í Hvalfjarðargöngum. Markmið hennar var að reyna á sérstaka viðbragðsáætlun ganganna sem tók gildi í maí 2004.
- Flugslysaæfing á Akureyri þar sem æft var eftir uppfærðri flugslysaáætlun. Æfingin var samstarfsverkefni Flugmálastjórnar Íslands og almannavarnadeildar.
- Æfing á Seyðisfirði um viðbrögð við slysi um borð í ferju. Æft var eftir nýrri viðbúnaðaráætlun vegna ferjuslyss við Seyðisfjörð, í samstarfi við Landhelgisgæsluna.
- Á árinu voru haldnar „skrifborðsæfingar“ samhliða stærri vettvangsæfingum á Akureyri og Seyðisfirði, sem og í tengslum við æfinguna í Hvalfjarðargöngum. Að auki voru haldnar æfingar fyrir almannavarnanefndir í Grindavík, á Ísafirði og Ólafsfirði.
- Haldin var æfing í viðbrögðum við influensufaraldri.

Fræðsluefni frá almannavarnadeild

Gefinn var út almennur upplýsingabæklingur um almannavarnadeildina og fjar-skiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og litabókin Alvar og Alvör þar sem börnum er leiðbeint um viðbrögð í jarðskjálfta. Hvort tveggja var gefið út í tengslum við 112-daginn, sem var haldinn í fyrsta sinn 11. febrúar 2005. Gert var fræðslumyndband sem fjallar um eldstöðvarnar Kötlu og Eyjafjallajökul, eðli þeirra, eldgos og hættuna sem stafar af þeim, t.d. vegna jökulhlaupa, en einnig um forvarnir og viðbrögð við umbrotum. Áætlað er að dreifa myndinni til stofnana, félaga og samtaka á áhrifasvæði eldstöðvanna en einnig til almannavarnanefnda og bókasafna þar sem hægt verður að fá myndina að láni án endurgjalds. Hún verður líka aðgengileg á Netinu á www.almannavarnir.is. Bæklingar um undirbúning og viðbrögð vegna hugsanlegra eldsumbrota í Kötlu eru í vinnslu, ætlaðir þeim sem búa eða dvelja á áhrifasvæði Kötlu.

Samkvæmt venju voru upplýsingar um almannavarnir í símaskránni endurskoðaðar en að þessu sinni var bætt við leiðbeiningum á frönsku með aðstoð franska sendiráðsins.

Í byrjun febrúar var vefsíðan almannavarnir.is birt eftir að hafa verið aðlöguð útliti lögregluvefjarins. Vefsíðan er ætluð almenningi ásamt því að vera sniðin fyrir viðbragðsaðila sérstaklega.





Embættið hefur gert ýmsa samstarfssamninga sem m.a. miða að því að samræma og efla tiltekna þætti í starfsemi lögreglunnar. Myndin var tekin þegar ríkislögreglustjóri og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar hf. undirrituðu einn slíkan samning.

Almannavarnadeildin hélt ásamt fleiri aðilum vinnuþing um áfallahjálp til að fræða hlutaðeigandi og vinna að tillögum um framtíðarskipulag áfallahjálpar á landsvísi.

Áfram var haldið með námskeið í vettvangsstjórnun en þau eru samstarfsverkefni Lögregluskólans, Brunamálaskólans, Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar og almannavarnadeildarinnar. Eitt námskeið var haldið í Reykjavík og auk þess upp-
rifiunarnámskeið á Akranesi, Akureyri og Seyðisfirði samhliða æfingum sem þar voru haldnar. Alls sóttu um 70 nemendur þessi námskeið.

Í samvinnu við breska sendiráðið á Íslandi vann almannavarnadeildin að því að fá hingað til lands tvo sérfræðinga til að halda fræðslufund um breskar almannavarnir með viðbragðsaðilum á Íslandi. Er annar þeirra yfirmaður hjá stofnun sem heitir „The Civil Contingencies Secretariat“, sem er nokkurs konar skipulagsstofnun almanna-
varna í Bretlandi, og hinn yfirmaður fræðslu og þjálfunar hjá breska björgunarskólanum (Emergency Planning College). Efni fundarins var í stórum dráttum almennt yfirlit um skipulag almanna-
varna og neyðarþjónustunnar í Bretlandi og löggjöf þar að lútandi, áfallastjórnun, áhættugreining og skipulagning. Þá var fjallað um hryðjuverkin í London í júlí 2005. Þennan fræðslufund sóttu fulltrúar viðbragðsaðila almanna-
varna,

lögreglunnar, slökkviliða, björgunarsveita, Landhelgisgæslunnar, Flugmálastjórnar og Neyðarlínunnar, ásamt fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga og breska sendiráðsins.

Almannavarnadeildin á í erlendum samskiptum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og Norðurlandanna. Ísland fer með formennsku í NORDRED (Norræni björgunarsamningurinn) frá maí 2003 til þriggja ára og í starfshópi EFTA (EFTA Working Group on Civil Protection) frá júní 2004 til tveggja ára. Undirbúningur hófst á árinu vegna björgunarráðstefnunnar NORDRED redningskonference og „skrifborðsæfingar“ samhliða henni, sem haldin var í Reykjavík 3. til 5. maí 2006.

Eftir náttúruhamfarirnar á Indlandshafi á annan dag jóla 2004 bauð forsætisráðherra aðstoð Íslendinga við að flytja slasaða Svía frá Taílandi. Fór 26 manna hópur frá Íslandi og sótti 38 Svía. Ferðin tók alls fjóra daga og fór starfsmaður almannavarnadeildar í ferðina sem aðstoðarleiðangursstjóri.

Fjarskiptamiðstöð

Reynslan af starfrækslu fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra er afar góð. Tilkoma hennar og þjónusta við lögregluliðin hefur leitt til aukins samstarfs og samhæfingar verklags. Sett var reglugerð um fjarskiptamiðstöðina m.a. vegna fjölgunar lögregluembætta á Tetra-fjarskiptasvæðinu og áhuga lögregluembætta utan þess að njóta þjónustu hennar. Þess er að geta að Tetra er stafrænt fjarskiptakerfi sem tekið var í notkun árið 2000 (og er nánar fjallað um það í ársskýrslu þess árs).

Sjö ný lögreglulið bættust í Tetra-þjónustuna, sem hafði í för með sér talsverðan undirbúning. Eru það liðin á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Hvolsvelli og í Borgarnesi, Vík og Vestmannaeyjum. Ákveðið var jafnframt að einfalda og endurbæta skipulag talhópa í Tetra-kerfinu og því var ráðist í að endurforrita allan Tetra-búnaðinn.

Þeim lögregluliðum sem eru utan Tetra-fjarskiptasvæðisins er sinnt um símakerfið, sem er ófullnægjandi, og brýnt að úr verði bætt með Tetra-fjarskiptum á landsvísu. Þær breytingar urðu á seinni hluta ársins að Neyðarlínan keypti Tetra-fjarskiptakerfið og hafinn er undirbúningur að frekari uppbyggingu þess.

Símtöl sem bárust fjarskiptamiðstöð um Neyðarlínuna urðu 79.183, sem er fjölgun frá árinu áður um 12.968. Einnig fjölgaði beinum símtölum frá embættunum úr sjö í tólf að meðaltali á hverjum sólarhring og voru þau samtals um 4.380.

Samstarfið við Neyðarlínuna jókst á árinu vegna boðunar viðbragðsaðila og endurskoðunar á gagnagrunni símaviðmótsins og fleira. Endurskoðað var verklag í samstarfi fjarskiptamiðstöðvarinnar og Neyðarlínunnar, þ. á m. verklagsreglur um afgreiðslu erinda til lögreglu og fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra. Einnig jókst samvinna milli fjarskiptamiðstöðvarinnar og annarra viðbragðsaðila, svo sem Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.



Samhæfingarstöð almannavarna og stjórnstöð leitar og björgunar

Tafla 7. Viðfangsefni stöðvarinnar eru fjórpætt:

Verkefni	Undir stjórn
Leit að týndum loftförum	Flugmálastjórnar Íslands
Leit og björgun á landi	Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra
Leit og björgun á sjó	Landhelgisgæslunnar
Samhæfing í almannavarnaástandi: við náttúruvá, slys eða aðra atburði sem ógna almannaeili	Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra

Samhæfingarstöðin hefur aðsetur í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Þangað velst sérhæft og vel þjálfað fólk úr röðum viðbragðsaðila.

Samhæfingarstöðin var virkjuð ellefu sinnum á árinu vegna flugatviks, jarðskjálfta, skriðufalla, sprengiefna og eldsvoða, hópslyss og leitar- og björgunaraðgerða á landi. Þá var hún virkjuð átta sinnum vegna æfinga, sem flestar voru skipulagðar í tengslum við stórar almannavarnaæfingar.

Sérsvait

Á árinu var áfram unnið að eflingu sérsvaitar ríkislögreglustjóra, m.a. var sérsvaitarmönnum fjölgað um 13 hjá embættinu. Fjölgað var um fjórar stöður lögreglumanna á Akureyri, jafnframt því sem fjórar stöður sérsvaitarmanna þar voru færðar undir embætti ríkislögreglustjóra frá og með 1. júlí, til reynslu í eitt ár. Eftir þessa breytingu starf-rækir sérsvait ríkislögreglustjóra stoðdeild fyrir lögregluembættin á Norðurlandi, með aðsetur á Akureyri.



Ríkislögreglustjóri ákvað í maí að hrinda af stað sameiginlegum aðgerðum sérsveitar embættisins og nokkurra lögregluliða gegn þekktum brotamönnum sem meðal annars höfðu staðið að ofbeldisfullri innheimtu á fíkniefnaskuldum (svokölluðum handrúkkurum). Talsverð almenn umræða hafði verið um slík ofbeldisverk og hafði meðal annars komið fram að borgarar óttuðust að leggja fram kærur hjá lögreglu vegna þeirra. Tilgangur aðgerðanna er að skipuleggja og samhæfa aðgerðir lögregluliðanna og bregðast þannig með markvissari hætti við ábendingum borgara og leitast við að skapa öruggara umhverfi en áður. Settur var á stofn stýrihópur stjórnenda frá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans í Reykjavík vegna verkefnisins þar sem ákvarðanir voru teknar um aðgerðir, útfærslu þeirra og mat á árangri. Það er mat stýrihópsins að aðgerðirnar hafi skilað ágætum árangri. Fimm héraðsdómum hefur lokið með sakfellingu í málum sem til var stofnað og fleiri mál voru til rannsóknar eða eru í ákærumeðferð, auk þess sem nokkrum fíkniefnamálum var lokið með sektum.

Heildarfjöldi mála og verkefna hjá sérsveitinni var 4.378 í hinum ýmsu lögregluumdæmum landsins. Þessi mikli fjöldi mála skýrist af því að sérsveitarmenn sinna almennum lögregluverkefnum við hin daglegu störf sín.

Flest málín (sjá töflu 8) voru umferðarlagabrot (1.730), hegningarlagabrot (210), önnur brot (263) og ýmis verkefni (2.175). Þar af voru 18 verkefni við öryggisgæslu, 36 vegna vopnaðra lögreglustarfa, staðarlögregla var aðstoðuð í 44 tilfellum vegna hnífamála og einstök fræðsluverkefni voru 18. Sprengjusérfræðingar sérsveitarinnar sinntu 17 verkefnum. Flest verkefni þeirra felast í sprengjuleit á viðkomustöðum vegna opinberra heimsókna. Þá hafa sprengjusérfræðingar sérsveitarinnar eytt fosfórblysum og iðnaðarsprengiefni sem fundist hefur á viðavangi. Kafarar sérsveitarinnar sinntu einu verkefni vegna leitar að sönnunargögnum í sakamáli og þremur verkefnum vegna björgunarstarfa. Í júlí og ágúst sinntu 14 lögreglumenn frá sérsveitinni löggæslu á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka og á byggingarsvæði álversins í Reyðarfirði vegna mótmæla sem þar voru. Þá aðstoðaði sérsveitin lögreglustjórana við eftirlit með rjúpnaveiðum á veiðitímabilinu með því að fara í eftirlitsferðir á veiðislóð í nokkrum landslutum.


Sérsveitin sinnti þjálfun og fræðslu:

- Í grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins um lögregluaðgerðir, mannfjöldastjórnun, táragas, sprengiefni og ýmis hættuleg vopn.
- Hjá Siglingastofnun, Eimskip og Reykjavíkurbíó um siglingavernd.
- Þjálfun sérsveitar fangavárðar á Litla-Hrauni fyrir Fangelsismálastofnun.
- Skotvopnaþjálfun og fræðslu fyrir þá sem fara til starfa erlendis á vegum Íslensku friðargæslunnar.
- Í mannfjöldastjórnun fyrir lögreglulið á Suðvesturlandi.
- Um öryggismál fyrir starfsfólk ráðuneyta.



Tafla 8. Fjöldi brota og verkefna sem starfsmenn sérsveitar unnu að

Umdæmi/embætti	Hegningarlagabrot	Önnur brot	Umferðarlagabrot	Önnur verkefni	Samtals
Akranes	1	0	0	6	7
Akureyri	15	42	367	210	634
Blönduós	2	3	10	3	18
Borgarnes	2	6	24	8	40
Hafnarfjörður	8	11	128	57	204
Hólmavík	0	1	1	0	2
Húsavík	2	11	32	19	64
Hvolsvöllur	2	2	16	19	39
Höfn	0	0	8	0	8
Ísafjörður	4	0	3	15	22
Keflavík	4	6	75	24	109
Keflavíkurflugvöllur	0	0	0	3	3
Kópavogur	6	16	115	51	188
Ólafsfjörður	1	0	14	12	27
Reykjavík	154	154	832	742	1.882
Ríkislögreglustjóri	0	0	0	964	964
Sauðárkrókur	0	5	39	13	57
Selfoss	2	4	39	27	72
Seyðisfjörður	7	2	3	0	12
Siglufjörður	0	0	8	1	9
Snæfellsnes	0	0	7	1	8
Vík	0	0	9	0	9
Samtals	210	263	1.730	2.175	4.378



Umferðarmál

Með skipulagsbreytingum sem gerðar voru hjá embættinu í byrjun árs og í ljósi þess að samstarfi Vegagerðarinnar og embættisins í umferðarmálum var rift, var umferðardeildin lögð niður sem sérstök deild en viðfangsefni hennar færð undir sersveit.

Stofnað var til stærsta verkefnisins á sviði umferðarmála á árinu með samstarfssamningi um aukið eftirlit á þjóðvegum landsins, milli embættis ríkislögreglustjóra og Umferðarstofu f.h. samgönguráðuneytisins. Samningurinn gildi frá júní og fram í október. Alls tóku 12 embætti þátt í verkefninu auk embættis ríkislögreglustjóra. Almenn ánægja var með það hjá lögreglu og mátti merkja af völdum þess minnkandi umferðarhraða og færri umferðarslys. Skráð voru 6.810 brot og verkefni í þessu samstarfi.

Í samráði og samstarfi embættis ríkislögreglustjóra við Lögregluskóla ríkisins var farið um landið og kennt á ný ratsjártæki með upptökubúnaði (Eyewitness) sem eru notuð við umferðareftirlit. Einnig var komið að kennslu um umferðarmálefni í Lögregluskólanum. Samstarf er töluvert við aðra sem starfa á skyldu sviði og m.a. á fulltrúi embættisins sæti í Umferðarráði, auk þess sem umtalsverð samvinna er milli Norðurlandanna á sviði umferðarmála.

Til fróðleiks má nefna að í árslok voru alls 183.314 ökuskírteini í gildi hérlandis.



Öryggismál og umferðarfylgdir

Umtalsverðar annir urðu hjá lögreglu vegna opinberra heimsókna og einkaheimsókna erlendra fyrirmenna á árinu. Lögreglan annaðist umferðarfylgd og öryggisgæslu vegna 12 heimsókna. Umfangsmestar voru heimsóknir forseta Indlands, forseta Tékklands og fundur forsætisráðherra Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna. Lögreglan í Reykjavík og Hafnarfirði sinnti öryggisgæslu þegar 20 sendiherrar erlendra ríkja afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf sín á Bessastöðum.

Tafla 9. Fjöldi heimsókna erlendra fyrirmenna til Íslands 2005*

Mánuður	Nafn og titill/efni	Fylgdarmenn
Apríl	DCACEUR, John Reith, hershöfðingi, NATO	1
	Harald Kujat, hershöfðingi, formaður hermálanefndar NATO	4
	Robert Zoellick, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna	5
Mái	Dr. A.P.J. Abdul Kalam, forseti Indlands	88
Júní	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels	1
Júlí	Sendinefnd bandarísku strandgæslunnar	10
Ágúst	Cherie Blair, forsætisráðherrafrú Bretlands	5
	Vaclav Klaus, forseti Tékklands	18
September	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels	1
Október	Fundur forsætisráðherra Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna	35
	Norðurlandaráðsþing	200
Nóvember	Björn von Sydow, forseti sænska þingsins	4

*Heimsóknir þar sem embætti ríkislögreglustjóra kom að skipulagningu og öryggisgæslu

Efnahagsbrotadeild

Rannsókn og saksókn efnahagsbrota er í höndum efnahagsbrotadeildar embættisins. Mjög ákveðin þróun hefur orðið í verkefnum deildarinnar á þeim tíma sem embættið hefur starfað. Ef litið er yfir þau mál sem rakin hafa verið í fyrri ársskýrslum má sjá að nú ber meira á stærri og umfangsmeiri málum en áður og brotum á sviði viðskipta sem áður voru óþekkt eða nær óþekkt. Dæmi um þetta er hið svokallaða olúmál, sem efnahagsbrotadeildin lauk rannsókn á í nóvember og sendi ríkissaksóknara til ákvörðunar, og svokölluð Baugsmál.

Baugsmál

Óhjákvæmilegt er að víkja nokkrum orðum að opinberri rannsókn á almenningshlutafélaginu Baugi hf. sem hófst í ágústmánuði árið 2002 með kæru um ætluð auðgunarbrot forstjóra og aðstoðarforstjóra og ætluð brot þeirra gegn hlutafélagalögum. Rannsókninni lauk um mitt ár 2005 með því að gefin var út ákæra á hendur sex einstaklingum.

Hér er án efa um að ræða umfangsmestu og flóknustu lögreglurannsókn sem farið hefur fram hérlandis. Málið snertir álitaefni sem talin eru varða grundvallarréttindi almennra hluthafa, sem vernduð eru m.a. í hlutafélagalögum, bókhalds- og ársreikningalögum og almennum hegningarlögum.

Ákæra í málinu var unnin og sett fram með hefðbundnum hætti eins og tíðkast hefur. Þá var höfð hliðsjón af ákærum og ákærugerð í hliðstæðum málum í Noregi og Danmörku. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að meginhluta hinna ætluðu sakarefna þyrfti að skýra ítarlegar og vísaði 32 ákæruliðum af 40 frá dómi. Málið er enn fyrir dómstólum.

Enn eru til meðferðar hjá efnahagsbrotadeildinni ætluð skattalagabrot forsvarsmanna Baugs hf. og félaga sem tengjast þeim, en skattrannsóknarstjóri vísaði þessum þætti til ríkislögreglustjóra til opinberrar meðferðar er hann hafði lokið rannsókn sinni síðla árs 2004.



Styrkur réttarvörslunnar

Eðlilega vekur meðferð slíks máls athygli og leiðir til umræðu og sterkra skoðana.

Lögregla og ákærvald verða oft að búa við umræðu sem felur í sér villandi frásagnir og rangar fullyrðingar um málsatvik og málsmeðferð. Slíku verður almennt ekki svarað eða hrundið ef það leiðir til þess að hallað verði á þá sem eru undir rannsókn.

Samfélagið verður hins vegar að geta treyst því að styrkur réttarvörslunnar sé með þeim hætti að umræðan, sem og gagnrýni, liti ekki meðferð mála og leiði heldur ekki til þess að lögregluþyriföld og ákærvald veigri sér við að taka til meðferðar mál sem ætla má að mætt verði með öflugri mótspyrnu.

Ráðstafanir til að bæta árangur

Starfsemi efnahagsbrotadeildar hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Breytingar má í flestum tilvikum rekja til þess að viðfangsefnin hafa þróast og vaxið langt út fyrir það sem var ætlað eða fyrirséð. Þá hafa embættinu verið falin ýmis viðfangsefni sem eru ný af nálinni. Dæmi um slíkt eru verkefni tengd baráttunni gegn skipulegri glæpastarfsemi og tölvubrotum. Þessi þróun kallar á stöðugt endurmat á því hvernig málum verði best og farsællegast skipað þannig að sem bestur árangur náist í einstökum verkefnum og fyrir embættið í heild.

Ríkislögreglustjóri ákvað í október að láta fara fram viðamikla úttekt á starfsemi efnahagsbrotadeildarinnar sem tók til allra helstu þátta hennar. Samhliða úttektinni og í ljósi niðurstaðna úr henni voru gerðar ýmsar ráðstafanir til að bæta faglega og verkefnalega stöðu deildarinnar. Þannig hefur þegar verið brugðist við með skriflegum fyrir-mælum ríkislögreglustjóra um atriði sem snúa að rannsókn mála og ákærugerð. Þá hefur verkefnum verið létt af deildinni. Tölvurannsóknnum hefur verið komið fyrir hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, móttöku tilkynninga á barnaklámi hefur verið komið fyrir hjá alþjóðadeild embættisins og ríkislögreglustjóri hefur óskað eftir því við ríkis-saksóknara að kærur á hendur starfsmönnum lögreglu verði ekki lengur beint til embættisins. Þá hefur ritari verið settur til starfa hjá deildinni. Enn fremur var lagt til að verkefni á sviði öryggismála, s.s. mögulegra hryðjuverka og skipulagðrar glæpa-starfsemi, verði flutt frá efnahagsbrotadeildinni en verði þó áfram hjá embættinu. Þá verði gerðar enn frekari breytingar á starfsemi efnahagsbrotadeildar til að styrkja fag-lega starfsemi hennar á ýmsum sviðum.



Samanburður við Norðurlönd

Í tengslum við athugun Ríkisendurskoðunar á embætti ríkislögreglustjóra, sem hófst árið 2004, hafa verið bornir saman ýmsir þættir hjá hliðstæðum embættum og efnahagsbrotadeildum á Norðurlöndum. Samanburðurinn sýnir að viðfangsefnin eru mjög sambærileg og þjóðfélagsaðstæður og þróun í viðskiptaumhverfi landanna leiðir af sér sambærileg lögfræðileg álitaefni sem hafa verið gerð refsiverð með líkri löggjöf. Því er mjög nærtækt að gera samanburð við þessar stofnanir á þeim þáttum í meðferð mála sem geta varpað ljósi á gang þeirra, árangur og afköst.

Í Noregi getur efnahagsbrotadeildin (Økokrim) sjálf ákveðið hvaða mál hún tekur til rannsóknar. Hér á landi og í Svíþjóð taka efnahagsbrotadeildirnar að sér öll mál í ákveðnum brotaflokkum. Samkvæmt reglugerð um íslensku efnahagsbrotadeildina á hún aðeins að taka til meðferðar alvarlegustu auðgunarbrotin. Önnur eiga að vera til meðferðar hjá viðkomandi lögregluembættum.

Tölur í töflum 10 til 13 byggjast á samantekt Ríkisendurskoðunar.

Fjöldi mála á hvern starfsmann

Fjöldi mála hjá efnahagsbrotadeildinni hefur farið vaxandi ár frá ári og í seinni tíð hefur þróunin orðið sú að málin eru sífellt umfangsmeiri og flóknari. Þá segir samanburður á fjölda mála á milli landa lítið nema þeim samanburði fylgi viðmið eins og meðalfjöldi mála á hvern starfsmann, eins og sýnt er í töflu 10. Hér er gerður samanburður við Økokrim í Noregi og Ekobrottsmyndigheten í Svíþjóð.

Tafla 10. Meðalfjöldi mála á hvern starfsmann*


Efnahagsbrotadeild RLS	2005	2004	2003	2002	2001
Innkomin efnahagsbrotamál	70	77	106	132	77
Rannsóknaraðstoð	12	32	37	41	
Tilkynningar um peningþvætti	284	301	241	189	125
Samtals	366	410	384	362	202
Fjöldi starfsmanna	17	19	14	14	12
Meðalfjöldi mála á starfsmann	21,5	21,6	27,4	25,9	16,8
Økokrim (Noregur)	2005	2004	2003	2002	2001
Innkomin efnahagsbrotamál	27	39	68	108	106
Rannsóknaraðstoð	60	257	254	384	267
Tilkynningar um peningþvætti	1.239	1.168	1.128	1.481	1.180
Samtals	1.326	1.464	1.450	1.973	1.553
Fjöldi starfsmanna	125	136	132	124	121
Meðalfjöldi mála á starfsmann	10,6	10,8	11	15,9	12,8
Ekobrottsmyndigheten (Svíþjóð)	2005	2004	2003	2002	2001
Innkomin efnahagsbrotamál	4.130	4.145	3.737	3.475	3.019
Samtals	4.130	4.145	3.737	3.475	3.019
Fjöldi starfsmanna	409	406	366	366	355
Meðalfjöldi mála á starfsmann	10,1	10,2	10,2	9,5	8,5

* Samanburður hjá efnahagsbrotadeild RLS, Økokrim í Noregi og Ekobrottsmyndigheten í Svíþjóð

Í töflu 10 er borinn saman fjöldi mála sem starfsmenn unnu að og luku á hverju ári. Niðurstaðan er sú að hver starfsmaður hjá efnahagsbrotadeildinni er að meðaltali með tvöfalt fleiri viðfangsefni á hverjum tíma en starfsmenn hjá sambærilegum deildum í Noregi og Svíþjóð.

Nýting vinnustunda

Ef litið er til þess hvernig vinnustundum er varið fæst einhver skýring á þessum mismun í samanburði við hin erlendu embætti (sjá töflu 11). Samanburðartölur eru eingöngu til frá Noregi en samkvæmt þeim ver íslenska efnahagsbrotadeildin mun meiri tíma til rannsóknarvinnu og saksóknar en norska deildin, eða um og yfir 90% af vinnustundum. Økokrim ver rúmlega 60% af vinnustundum til rannsóknar og saksóknar. Økokrim ver 7 til 9% vinnustunda til náms og kennslu. Til samanburðar má nefna að efnahagsbrotadeildin hefur síðustu tvö árin varið u.þ.b. 4% vinnustunda til þessara þátta og er það veruleg aukning frá því fyrir fáeinum árum, en símenntun er mjög þýðingarmikil fyrir þá sem vinna að þessum málaflokki. Hjá Økokrim fer mikill tími í stjórnun, umsýslu og erlend samskipti. Þessir þættir eru óverulegur hluti vinnutímans hjá efnahagsbrotadeildinni. Þá fer að jafnaði heldur meiri tími í rannsóknaraðstoð í Noregi en hér.



Tafla 11. Samanburður á vinnutíma*

Rannsóknarvinnan og hlutfallsleg innbyrðis skipting hennar (%)

Verkefni	2005		2004		2003		2002		2001	
	Ísl.	Nor.	Ísl.	Nor.	Ísl.	Nor.	Ísl.	Nor.	Ísl.	Nor.
Ranns. og saksókn efnahagsbrota	74,1	44	66,4	45	70,4	45	71,1	40	72,2	46
Rannsóknaraðstoð	2,7	10	11,5	11	4,3	12	4,8	13	0	14
Peningaþvætti og öryggismál	14,7	8	13,2	7	17,9	7	17,9	9	20,8	8
Samtals saksókn og rannsóknarvinna	91,5	62	91,1	63	92,6	64	93,8	62	93	68
Nám og kennsla	3,5	8	4,6	9	1,5	8	0,1	9	0	7
Erlend samskipti	0,3	3	0,3	3	0,5	4	0,5	4	0,5	5
Ýmis stjórnun og umsýsla	4,7	27	4,1	25	5,5	24	5,7	25	6,5	20
Alls	100	100	100	100	100	100	100	100	100	100

*Samanburður á vinnutíma hjá efnahagsbrotadeild RLS og Økokrim í Noregi



Tafla 12. Tímalengd málsmeðferðar (fjöldi daga að meðaltali)*

Embætti	2005	2004	2003	2002	2001	Meðaltal**
Efnahagsbrotadeild RLS	387	425	384	496	240	386
Økokrim	331	176	409	307	214	287
Ekobrottsmyndigheten	440	523	496	523	533	503

*Fjöldi daga að meðaltali að baki útgefnum ákærum í efnahagsbrotum

** Meðaltal síðustu fimm ára

Á töflu 12 sést fjöldi daga að meðaltali frá móttöku kæru í efnahagsbrota-málum þar til ákæra er gefin út hjá efnahagsbrotadeildinni, Økokrim í Noregi og Ekobrottsmyndigheten í Svíþjóð. Þegar tekið er meðaltal síðustu fimm ára er dagafjöldinn 287 hjá Økokrim, 386 hjá efnahagsbrotadeildinni og 503 hjá Ekobrottsmyndigheten. Meðaltímalengd málsmeðferðar hjá efnahagsbrotadeildinni hefur verið að styttest, sem er í samræmi við kröfur og skuldbindingar í þá veru.

Það er grundvallaratriði og raunar ákveðinn mælikvarði á það hvort ríki er réttarríki hvaða áherslu það leggur á hraða og sanngjarna meðferð refsímála á hendur sakborn-ingum. Þetta er þýðingarmikið til þess að koma í veg fyrir að þeir sem grunur fellur á vegna brota þurfi ekki lengi að vera í stöðu sakbornings með þeirri óvissu sem því fylgir. Það er líka þýðingarmikið fyrir aðra sem tengjast málum og í raun samfélagið allt að eyða sem fyrst óvissu sem máli fylgja með því annaðhvort að taka af skarið um að ekki sé tilefni til ákæru eða að leggja álitaefnið fyrir dómstól. Það er ekki til einhlítur mælikvarði á það hvað er ásættanleg tímalengd málsmeðferðar og þar kann margt að hafa áhrif, s.s. umfang máls og eðli.

Tafla 13. Hlutfall ákæra í málum sem enduðu með sakfellingu

Embætti	2005	2004	2003	2002	2001	Meðaltal*
Efnahagsbrotadeild RLS	97%	89%	90%	94%	100%	94%
Økokrim	73%	90%	88%	98%	87%	87%
Ekobrottsmyndigheten**	90%	90%	90%	90%	90%	90%

* Meðaltal síðustu fimm ára

**Sviar segja að sakfellingarprósentan liggja yfirleitt í kringum 90%

Samkvæmt töflu 13 er hlutfall sakfellingar í samanburðarlöndunum nokkuð samþærilegt. Bæði í Svíþjóð og í Noregi hafa embættin sett það markmið að hlutfall sakfellingar fari ekki niður fyrir 90%. Það er eðlilegt miðað við þá kröfu sem sett er fram í réttarfarzlögum landanna um að ekki skuli ákæra í máli nema það sem fram hefur komið við rannsókn sé líklegt til sakfellingar.

Þrátt fyrir að upplýsingar í töflunum hér að framan bendi til þess að hlutfall sakfellingar og sýknu sé í samræmi við hörðustu kröfur og að tímalengd málsmeðferðar sé almennt ásættanleg er ekki hægt að líta svo á að endanlegur árangur hafi náðst og að viðmiðanir standist tímans tönn. Miða verður við það að kröfur til málsmeðferðar muni sífellt aukast, sérstaklega hvað varðar tímalengd. Taka verður mið af þessu varðandi fjölda starfsmanna í deildinni og aðstöðu.

Útlendingamál og Schengen-samstarf

Alþjóðadeild

Sem fyrr eru málefni útlendinga fyrirferðarmikil í starfsemi alþjóðadeildar. Enginn vafi er á því að með auknum fjölda útlendinga aukast tækifæri til ólöglegs innflutnings fólks. Við því þarf auðvitað að bregðast.

Á árinu voru yfirfarin og samþykkt 5.894 nýskráð mál í Schengen-upplýsingakerfinu. Öll varða þau eftirlýsta einstaklinga sem óskast handteknir og framseldir. Sumar eftirlýsingar varða ekki sakamál og þarf að ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við íslensk lög áður en málin eru staðfest í kerfinu. Íslenskar skráningar í Schengen-upplýsingakerfið voru 1.597. Langflestar þessara skráninga eru vegna stolinna og glataðra vegabréfa. Hefur það vakið athygli í öðrum aðildarlöndum Schengen-svæðisins hversu algengt er að vegabréf týnist eða sé stolið hér. Ekki hefur fundist á þessu skýring en vera kann að Íslendingar séu einfaldlega hirðulausir um vegabréf sín.

Á haustmánuðum fór fram á vegum Evrópusambandsins úttekt á framkvæmd Schengen-samningsins hér á landi. Nokkrar eftirlitsnefndir komu hingað til lands og gerðu úttekt á starfseminni. Úttekt var gerð á Sirene-skrifstofunni, rekstri Schengen-upplýsingakerfisins, Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurhöfn, Persónuvernd og alþjóðlegu lögreglusamstarfi sem aðallega varðar ýmiss konar upplýsingamiðlun. Starfsmenn alþjóðadeildar komu að nokkrum þessara úttekta í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Vel tókst til og fékk Ísland mjög góða einkunn hjá öllum úttektaarnefndunum, þegar á heildina er litið. Sirene-skrifstofa alþjóðadeildar var m.a. tekin sem dæmi um „best practice“ (fyrirmyndarverklag) í skýrslu úttektaarnefndarinnar.

Augljóst er að fyrirkomulag á rekstri alþjóðadeildar embættis ríkislögreglustjóra, þar sem öll alþjóðleg lögreglusamvinna er sameinuð á einni skrifstofu, hefur vakið athygli í öðrum löndum. Þannig kom á árinu sendinefnd frá Írlandi í þeim tilgangi að kynna sér starfsemina. Einnig hafa komið fulltrúar frá Noregi og Svíþjóð auk þess sem Sviss hefur óskað eftir að senda sendinefnd til að kynna sér starfsemina.

Tafla 14. Skipting verkefna alþjóðadeildar

	2005	2004	2003	2002	2001
Interpol	440	470	489	784	321
Schengen/SIR	78	125	170	169	90
PTN	94	133	182	171	125
Baltcom	4	2	4	3	5
Europol	187	247	224	122	8
Hælisleitendur/brottvísanir	41	61	75	73	60
Annað	160	59	71	29	19
Kennisþjöld*	115	310	194		
Samtals	1.119	1.407	1.409	1.351	628

* Kennisþjöld eru staðfesting á að viðkomandi einstaklingur hafi gild íslensk ökuréttindi

Á árinu vann alþjóðadeild að 1.119 málum en skiptingu þeirra má sjá í töflu 14. Að auki vann deildin að 5.894 málum sem skráð voru í SIS-kerfið, sem er nokkur fækkun frá árinu á undan þegar þau voru 6.902. Meðal verkefna alþjóðadeildar er einnig samanburður á farþega- og áhafnalistum skipa sem koma til landsins.



Schengen-kerfið skilvirkt

Sakamaður og ólöggráða stúlka flutt til Íslands á met tíma

Í júní barst alþjóðadeild beiðni um leit að stúlku sem var ólöggráða fyrir aldurs sakir. Hún hafði farið úr landi með karlmanni á þrítugsaldri án samþykkis foreldra sinna. Við athugun kom í ljós að maðurinn átti óafplánaða tvo fangelsisdóma á Íslandi. Fangelsismálastofnun óskaði eftir því að hann yrði handtekinn og framseldur. Dómsmálaráðuneytið staðfesti að krafist yrði framsals mannsins hvar sem til hans næðist og Héraðsdómur Reykjavíkur gaf út handtökuskipun að kröfu ríkislögreglustjóra.

Alþjóðadeild skráði parið í Schengen-upplýsingakerfið (SIS), stúlkuna sem týnda ólöggráða manneskju og manninn sem eftirlýstan afbrotamann með ósk um handtöku og framsal. Alþjóðadeild var einnig í sambandi við lögregluna á Keflavíkurflugvelli, utanríkisráðuneytið og ræðismann Íslands í Hollandi.

Skemmst er frá því að segja að daginn eftir skráningu í SIS var stúlkun handsömuð af lögreglunni í Amsterdam í Hollandi og flutt til Íslands næsta dag, þar sem foreldrar hennar tóku á móti henni. Allt tók þetta ferli því aðeins þrjá daga.

Karlmaðurinn var handtekinn af lögreglunni í Amsterdam tveimur dögum eftir að hann var skráður í SIS. Þá tók við framsalsferli sem gekk lipurlega og tveimur vikum eftir handtöku var hann fluttur til Íslands þar sem við tók afplánun á 21 mánaðar fangelsisvist.

Þessi hraða og skilvirka málsmeðferð staðfestir nauðsyn þess að Ísland sé virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi lögreglufyrivalda og að samvinnan sé á hendi einnar stofnunar.

Albanskur hælisleitandi reyndist vera eftirlýstur vegna gruns um manndráp

Í september höfðu árvökulir lögreglumenn á Keflavíkurflugvelli afskipti af manni sem kom með flugi frá Osló. Í ljós kom að albanskt vegabréf og grískt dvalarleyfi sem hann framvísaði voru fölsuð. Þá sótti maðurinn um hæli og var vistaður ásamt öðrum hælisleitendum á opnu gistiheimili í Reykjanesbæ. Viku síðar synjaði Útlendingastofnun hælisleiðni mannsins. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gaf þá út ákæru og tíu dögum eftir komu til landsins dæmði Héraðsdómur Reykjaness hann til 45 daga fangelsisvistar fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum við lögreglumann. Hann hóf strax afplánun.

Þegar hælisleiðni hafði verið hafnað sendi alþjóðadeild út fyrirspurn um manninn um tölvukerfi Interpol. Höfuðstöðvar Interpol svöruðu strax og sögðu að maðurinn væri líklegast sami maður og lögreglan í Grikklandi hefði lýst eftir vegna morðs sem framið var í Þessalóníku á jóladag 2004. Með samskiptum alþjóðadeildar við Interpol Tirana og Interpol Apenu fékkst staðfest að þetta væri hinn eftirlýsti. Interpol Apenu tilkynnti í byrjun nóvember að formleg framsalsbeiðni myndi berast íslenska dómsmálaráðuneytinu frá hinu gríska. Það tók nokkurn tíma.

Framsalsmálið útheimti mikla vinnu hjá fulltrúum ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og dómstólum því að alls voru kveðnir upp tíu úrskurðir og dómar vegna þess í Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti Íslands. Fjórum sinnum úrskurðaði

Héraðsdómur manninn í gæsluvarðhald og jafnoft staðfesti Hæstiréttur þann úrskurð eftir kæru. Loks var ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um að maðurinn skyldi fram-seldur kærð til Héraðsdóms og Hæstaréttar sem vísaði kröfu verjandans frá dómi.

Gríska lögreglan telur manninn mjög hættulegan og var flutningi hans til Grikklands háttað í samræmi við það.

Þetta mál og önnur sem upp hafa komið vekja upp spurningar um fyrirkomulag við vistun hælisleitenda. Oft vita íslensk yfirvöld lítið sem ekkert um það hvaða fólk er um að ræða og hver bakgrunnur þess er. Þá sýna hælisleitendur iðulega litla sem enga við-leitni til þess að gera grein fyrir sér og bakgrunni sínum.

Afbrotatölfræði og afbrotafræðileg málefni

Aukinn aðgangur að afbrotatölfræði

Unnið hefur verið að því að auka aðgang lögregluembættanna að afbrotatölfræði. Í lok árs voru, auk árlegrar afbrotatölfræði, gerðar sérstakar embættisskýrslur sem settar voru á innri vef lögreglunnar. Þar er að finna mjög ítarlegar tölur um stöðu og þróun afbrota í hverju lögregluumdæmi.

Fórnarlambakönnun

Niðurstöður fórnarlambakönnunar sem ríkislögreglustjóri og Háskóli Íslands stóðu að voru birtar í lok árs í ritinu „Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna“. Rannsóknin gefur góða mynd af stöðu afbrota á Íslandi, viðhorfum brotapolá til þjónustu lögreglunnar og fleira. Í þessu felast auknir möguleikar til varna gegn afbrotum og betri sýn á stöðu þeirra en áður, hversu hátt hlutfall brota er kært og umfang og gæði þjónustu lögreglunnar við afgreiðslu þeirra. Niðurstöður með samanburði milli Evrópulandanna, sérstaklega Norðurlandanna, verða birtar síðar. Þær munu í fyrsta sinn gera Íslendingum kleift að bera sig saman við aðrar þjóðir um stöðu afbrota og viðhorf þolenda til þeirra og þjónustu lögreglunnar.

Rannsókn á ránsbrotum

Meistaraniemi í félagsfræði við Háskóla Íslands lauk á árinu rannsókn sinni fyrir ríkislögreglustjóra á ránum sem tilkynnt voru lögreglu á árunum 1999 til 2004. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur meðal annars fram að fjöldi rána á Íslandi hefur á seinustu árum haldist nokkuð stöðugur ef marka má fjölda tilkynnta rána á þessu tímabili. Eðli þessara brota og aðferðir þeirra sem fremja þau hafa hins vegar breyst. Sú þróun er skoðuð sérstaklega og vonast er til að rannsóknin skapi lögreglu aukna möguleika á að takast á við þessi mál.

Verklagsreglur vegna heimilisofbeldismála

Dómsmálaráðherra fól embættinu að semja og gefa út verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Helsta markmiðið með reglunum er að taka af tvímæli um vafaatriði við rannsókn heimilisofbeldis og að skýra hlutverk lögreglunnar við meðferð málanna betur en gert hefur verið. Með breytingum sem verklagsreglurnar kveða á um ætti að nást betri yfirsýn yfir þessa tegund brota, en með nýju málaskrárkerfi lögreglu hefur skapast aukinn möguleiki á nákvæmari skráningu en áður hefur verið.



Afbrotavarnir

Afbrotavarnaráð Norðurlandanna

Árlegur fundur afbrotavarnaráða Norðurlandanna var haldinn í Reykjavík að þessu sinni. Þar gerðu fulltrúar landanna grein fyrir verkefnum sem unnið er að á Norðurlöndunum. Danir sögðu meðal annars frá rannsókn á lífsstíl ungs fólks og ofbeldi, Norðmenn eru auk annars að skoða hvernig forvörnum í fangelsum er háttað og sænska afbrotavarnaráðið leggur áherslu á fræðilegar rannsóknir ásamt því að miðla niðurstöðum og þekkingu sem þannig fæst inn í réttarvörslukerfið. Í Finnlandi er unnið að rannsóknum á ofbeldi á vinnustöðum og sérstaklega ofbeldi gegn konum. Íslensku fulltrúarnir gerðu grein fyrir starfi og rannsóknum Lýðheilsustöðvar og samstarfsverkefninu „Vertu til“, sem miðar að því að styrkja forvarnastarf í sveitarfélögum landsins. Þá voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir embætti ríkislögreglustjóra um viðhorf ungs fólks til forvarnastarfs lögreglunnar og aðgengi að fíkniefnum.

Skipulag og uppbygging á Norðurlöndunum er með mismunandi hætti. Hér á landi hefur sérstöku afbrotavarnaráði ekki verið komið á fót en lögreglan hefur árum saman unnið að forvörnum á sviði afbrota í samstarfi við aðra.

Varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Einn þáttur í vörnum gegn skipulagðri glæpastarfsemi snýr að forvörnum og fræðilegum rannsóknum. Í september 2004 réð embættið doktor í afbrotafræði til þess að gera fræðilega rannsókn í samræmi við tillögur stýrihóps ríkislögreglustjóra um varnir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Því verki lauk hann í árslok með ítarlegri skýrslu sem send var dómsmálaráðherra. Í skýrslunni var auk annars gerð tillaga um að hjá embætti ríkislögreglustjóra yrði komið upp sérstakri greiningardeild vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og hryðjuverka. Þá var gerð grein fyrir sérstakri aðferð, tveggja brauta greiningu (Twin Track), á einstaka málum er falla undir skilgreiningu Europol á skipulagðri glæpastarfsemi, með forvarnir í huga. Þessu hefur verið fylgt eftir, m.a. með eftirfarandi:

- Umfangsmikið sakamál sem lokið er og var til meðferðar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík er nú til skoðunar samkvæmt tveggja brauta greiningunni með það í huga að athuga hvort koma má í veg fyrir að hægt sé að fremja sams konar brot aftur og hvernig lögreglan stóð að rannsókn málsins. Þessu tengt er verið að þróa sérstaka aðferð til upplýsingaöflunar um skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk.

- Unnin var samantekt um fyrirkomulag á stöðumati á skipulagðri glæpastarfsemi, byggð á leiðbeiningum Europol útgefnum 28. júní 2005: „New methodology for the Organised Crime Threat Assessment (OCTA)“. Stöðumatið hefur verið þýtt og lagað að íslenskum aðstæðum.
- Undir lok árs var hafist handa við að skoða innleiðingu á því sem í Bandaríkjunum er nefnt „Fusion Centers“. Þetta er töl sem þar er notað í baráttunni gegn glæpastarfsemi og hryðjuverkum og byggist á víðtæku samstarfi opinberra stofnana en líka t.a.m. fyrirtækja, hagsmunahópa og einkaaðila. Hér er einkum um að ræða öflun, miðlun og greiningu upplýsinga sem gefið geta vísbendingu um brotastarfsemi. Hjá embætti ríkislögreglustjóra hefur „Fusion Center“ fengið vinnuheitið Deigla. Ætlað er að Deigla geti orðið afar hagnýt, einkum í baráttunni gegn alvarlegri brotum, og hún fellur vel að tillögum um miðlæga greiningardeild hjá embættinu.

Verkefnamiðuð löggæsla

Unnið var að undirbúningi að innleiðingu verkefnamiðuðrar löggæslu (VML) á árinu. Fulltrúar vinnuhóps ríkislögreglustjóra og yfirlögregluþjónn á sviði fjögur funduðu með lögreglustjórum og lögreglumönnum í hverjum landsfjórðungi. Þar var hugmyndafræðin kynnt og prófuð með dæmum, m.a. með það að markmiði að fækka afbrotum. Til undirbúnings fundunum voru teknar saman ítarlegar skýrslur um afbrotatölfræði fyrir hvern landsfjórðung. Vinnuhópurinn lauk störfum sínum með skýrslu og tillögum um næstu skref. Þar kemur fram að hugmyndafræðinni hafi verið vel tekið af lögregluembættunum og að áhugavert sé að reyna þetta fyrirkomulag hjá embættum sem valin væru sérstaklega til þess.

Embættið gerði úttekt á því hvernig hugmyndafræðin hefur reynst í þeim löndum þar sem hún hefur verið innleidd og hvaða vandamál hafa komið upp. VML byggist á samstarfi lögreglu og fræðimanna ásamt því að lögreglan setji sér mælanleg markmið. Fara þarf grannt í afbrotatölfræði og greiningu afbrota. Niðurstaða úttektarinnar er sú að undirbúa þurfi innleiðingu verkefnamiðuðrar löggæslu vel og veita henni góðan stuðning. Hún þurfi að vera almenn en megi ekki einungis byggjast á áhuga tiltekinna einstaklinga innan löggæslunnar.

Embætti ríkislögreglustjóra réð sérfræðing að þessu verkefni til að vinna skýrslu um það hvernig lögregla og borgaryfirvöld í Edinborg í Skotlandi hafa þróað aðgerðaáætlanir í baráttunni gegn andfélagslegri hegðun. Þar í borg hefur hugmyndin verið þróuð í verkefnamiðuð samstarf. Aðferðafræðin er sveigjanleg og byggist á því að aðilar sem á einhvern hátt geta lagt málum lið komi saman, greini vandamál og þróa með sér aðgerðaáætlun.

Sérfræðingurinn skilaði skýrslu í lok ársins og er það mat hans að hugmyndafræðin sé góð en þó ekki tæmandi lausn.



Fíkniefna- og tæknimálefni

Fíkniefnastofa

Tekið hefur verið upp nýtt fyrirkomulag við þjálfun fíkniefnaleitarhunda lögreglu í samstarfi ríkislögreglustjóra, tollstjórans í Reykjavík, sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli og tollgæslunnar í Noregi. Sérfræðingur norsku tollgæslunnar sá um þjálfun og próf. Alls sóttu sjö hundabjálfarar og jafnmargir hundar þetta námskeið, einn frá tollgæslunni, einn frá lögreglustjóranum í Reykjavík og fimm frá lögregluliðum af landsbyggðinni. Námskeiðið tókst vel. Norski sérfræðingurinn kom síðan aftur tvívegis til landsins og hefur nú gert úttekt á þjálfurum og leitarhundum.



ID-nefnd (kennslanefnd)

Einu máli var vísað til kennslanefndar ríkislögreglustjóra á árinu þegar lík af óþekktum karlmanni fannst í íbúðarhúsi í Reykjavík. Þá veitti nefndin aðstoð við að bera kennsl á lík Íslendinga sem fórst í umferðarslysi í Danmörku.

Í byrjun ársins fóru þrír fulltrúar kennslanefndar til aðstoðar yfirvöldum á eyjunni Phuket í Taílandi við að bera kennsl á lík þeirra sem fórust þegar flóðbylgja gekk þar á land 26. desember 2004. Kennslanefndir allra Norðurlandanna tóku þátt í því vanda-sama starfi, en hundruð norrænna ríkisborgara voru meðal þeirra sem fórust.

Árlegur fundur norrænu kennslanefndanna var haldinn hér á landi og var meginefni hans samstarf nefndanna í Taílandi, DNA-rannsóknir við þær aðstæður, þróun forrits sem notað er til söfnunar upplýsinga og samanburðar o.fl.

Umboð kennslanefndar rann út á árinu og hefur dómsmálaráðherra skipað nýja nefnd til næstu þriggja ára, frá 1. apríl að telja. Tveir nefndarmenn létu af störfum að eigin ósk og í stað þeirra voru skipaðir réttarmeinafræðingur og læknir.

Rannsóknir umferðarslysa


Í október gerði ríkislögreglustjóri samning til eins árs við Fræðslumiðstöð bílgreina hf. um framkvæmd bíltæknirannsókna fyrir lögregluna. Slíkar rannsóknir eru gerðar þegar alvarleg umferðarslys verða, m.a. til að leitast við að upplýsa orsök þeirra. Hagsmunir fjölmargra ráðast af því að vel sé vandað til slíkra bíltæknirannsókna og úrslit mála hafa í mörgum tilfellum oltið á því hversu vel þær hafa verið gerðar. Með samningnum er verklag við rannsóknir umferðarslysa samræmt og eflt á landinu öllu og verður árangurinn metinn á gildistíma hans.

Tæknistofa

Reglur um tæknirannsóknir lögreglu og framkvæmd þeirra voru endurgerðar í byrjun árs í ljósi breytinga sem orðið höfðu á fyrirkomulaginu, s.s. með tilfærslu samanburðar-rannsókna til tæknideildar lögreglunnar í Reykjavík.

Seinni hluta árs var gerð athugun á afgreiðslu rannsóknarbeiðna sem tækni-deild lögreglunnar í Reykjavík hafa borist og hvernig farið er að hinum nýju reglum ríkislögreglustjóra um vettvangs- og tækni-rannsóknir, ásamt töku og vörslu fingrafara og ljósmynda. Niðurstaðan var sú að í aðalatriðum hafi vel tekist til en þó þurfti að skerpa á tilteknum atriðum við lögreglu-stjórana.





www.rls.is
www.logreglan.is



www.almannavarnir.is

Viðauki 1 - Útgefið efni á árinu 2005

Embætti ríkislögreglustjóra (RLS) gaf út eftirtalin rit og kynningarefni á árinu eins og fjallað er um í meginmáli ársskýrslunnar. Margt af þessu efni má nálgast á vef lögreglu-unnar og almannavarnadeildar RLS.

Lögregluvefurinn – vefsíða embættis ríkislögreglustjóra

Embættið heldur úti lögregluvefnum. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar fyrir almenning: fréttir, tilkynningar og tilvísanir á heimasíður einstakra embætta, sem og tölfraðiupplýsingar, ársskýrslur embættisins, ýmis útgefin rit og fleira forvitnilegt. Þá eru netföng allra starfsmanna lögreglu á vefnum. Leitast er við að hafa vefinn lifandi og uppfæra hann eftir því sem tilefni er til.

Almannavarnavefurinn – vefsíða almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra

Almannavarnadeildin heldur úti vefnum www.almannavarnir.is. Markhópur hans eru annars vegar viðbragðsaðilar og hins vegar almenningur. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um almannavarnir í landinu, almannavarnadeild, lög og reglur, viðbragðskerfi almannavarna, æfingar og fræðslu til almennings o.fl. Einnig eru birtar fréttir af atburðum, verkefnum og framvindu þeirra. Vefurinn er tengdur við lögregluvefinn en allar fréttir á almannavarnavefnum birtast jafnframt á lögregluvefnum. Almennungur getur skráð sig á netfangalista og fengið nýjustu fréttir sendar í tölvupósti.

Á vefnum eru lokuð svæði fyrir viðbragðsaðila. Hann er einnig notaður til upplýsingamiðlunar við verkstjórn og til að halda utan um stór verkefni.

Kynningarbæklingur

um almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð

Bæklingurinn (tvíblöðungur) var tekinn saman af Gyðu Á. Helgadóttur, verkefnafulltrúa hjá almannavarnadeild RLS, og Guðmundi Fylkissyni, aðalvarðstjóra hjá fjarskiptamiðstöð RLS.





Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð

Bæklingurinn var tekinn saman og gefinn út af Rekstrarfélaginu Skógarhlíð.

Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli

Bókin er 210 bls. Hún var tekin saman af stýrihópi ríkislögreglustjóra. Í honum voru Kjartan Þorkelsson sýslumaður (formaður), Jónas Elíasson prófessor, Magnús Tumi Guðmundsson prófessor, og Ágúst Gunnar Gylfason, verkefnafulltrúi hjá almannavarnadeild RLS. Útgefendur eru ríkislögreglustjórinn og Háskólaútgáfan.

Heiðarleiki lögreglu — Könnun meðal starfandi lögreglumanna á Íslandi

Bókin er 94 bls. og höfundur er Ólafur Örn Bragason, sálfræðingur hjá RLS.

Afbrotatölfræði 2004

Skýrslan er 83 bls. Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá RLS, tók saman.

The Icelandic Police and the Justice System – A short introduction

Bæklingurinn er 18 bls. Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá RLS, tók saman.

Ársskýrsla 2004

Skýrslan er 43 bls. Ritstjóri er Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá RLS, en umsjón með útgáfunni hafði Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá RLS.





Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna

Bókin er 143 bls. og höfundar eru Rannveig Pórisdóttir, félagsfræðingur hjá RLS, dr. Helgi Gunnlaugsson, prófessor við HÍ, og Vilborg Magnúsdóttir, B.A. í sálfræði og lögreglumaður í Reykjavík. Útgefendur eru ríkislögreglustjórnin og Háskólaútgáfan.

Rán á Íslandi 1999 til 2004 — Úttekt á gögnum lögreglu

Skýrslan er 55 bls. og höfundur er Auðbjörg Björnsdóttir, nemi í rannsóknartengdu M.A.-námi í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Katla og Kötluvá

Myndbandið er 11 mínútna langt, með íslenskum og enskum texta, og unnið af Lífsmynd – Valdimar Leifssyni kvikmyndagerð. Verkefnisstjóri var Gyða Á. Helgadóttir, verkefnafulltrúi hjá almannavarnadeild RLS. Umsjón hafði Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur.

Litabókin Alvar og Alvör

Bókin er 11 bls. Hún var tekin saman af Gyðu Á. Helgadóttur, verkefnafulltrúa hjá almannavarnadeild RLS.



Viðauki 2 - Leyfisveitingar skv. áfengis- og vopnalögum

Tafla 15. Fjöldi gilda starfsleyfa er falla undir vopnalög við lok árs

Eðli leyfis	Fjöldi leyfa
Verslun með skotvopn og skotfæri*	42
Skotvopnaframleiðsla (viðgerðir)	2
Skotfæraframleiðsla	1
Kennsla í hleðslu skotfæra	2
Skotvopnasöfn	21
Skotíþróttafélög	17
Innflutningur og verslun með sprengiefni	2
Innflutningur sprengiefna til eigin nota	1
Innflutningur og verslun með skotelda	12
Litboltafélög	8
Bogfímifélög	2
Samtals	110

*Samtals voru 42 fyrirtæki með leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri í landinu en aðeins 10 þeirra flytja þó þessar vörur inn

Embættið fer með stefnumörkun, leyfisveitingar og aðra starfsemi sem heyrir undir hlutverk ríkislögreglustjóra samkvæmt áfengis- og vopnalögum. Í því felst m.a. að samræma vinnureglur fyrir lögregluna í landinu. Á árinu voru samtals 230 leyfi og heimildir af ýmsum toga á grundvelli áfengis- og vopnalaga gefin út. Synja varð 11 umsóknum.

Í apríl var sú breyting gerð að útgáfa leyfa til að flytja út vopn tímabundið var færð til lögregluembættanna en var áður hjá embætti ríkislögreglustjóra. Frá sama tíma var embætti lögreglustjórans í Reykjavík falin útgáfa leyfa til innflutnings vopna fyrir allt landið ásamt útgáfu skammtímaskotvopnaleyfa fyrir útlendinga. Ríkislögreglustjóri ákvað þessa breytingu í því augnamiði að færa þjónustuna nær notandanum.

Í sumum tilvikum þar sem lögreglustjórar annast leyfisveitingar samkvæmt vopnalögum þarf þó heimild ríkislögreglustjórans að liggja fyrir áður en leyfi eru gefin út. Dæmi um þetta er þegar sóst er eftir leyfi til skráningar skammbyssu, fjárbyssu eða söfnunar skotvopna (vegna minjagildis o.þ.h.).

Staða öryggismála hjá seljendum skotvopna og skotfæra

Á árinu stóð embættið fyrir viðamikilli athugun á stöðu öryggismála hjá seljendum skotvopna og skotfæra. Athugininni var síðan fylgt eftir og efnt til funda með fulltrúum lögregluembættanna í umdæmum þar sem brotalamir höfðu komið fram. Í umburðarbréfi ríkislögreglustjóra sem sent var lögreglustjórum af þessu tilefni var lagt fyrir þá að halda uppi reglulegu eftirliti með verslunum sem selja skotvopn og skotfæri og að gera ríkislögreglustjóra grein fyrir því ef ekki er farið að settum reglum. Þá láti þeir fara fram sérstaka úttekt á starfsemi skotvopna- og skotfæraverslana að lágmarki einu sinni á ári.

Tafla 16. Fjöldi gilda leyfa er falla undir áfengislög við lok árs

Eðli leyfis	Gild leyfi	Þar af veitt á árinu
Framleiðsluleyfi	5	0
Innflutnings- og heildsöluleyfi	91	15
Leyfi til að kaupa og nota etanól, spíritus fortis o.fl. v. iðnaðar	98	14
Samtals	194	29*

*Þar af átta vegna endurnýjunar eldri leyfa. Samtals 22 fyrirtæki hættu verslun með áfengi á árinu



